

Móta og keppnisreglur STÍ

1. gr.

- a) Opinber mót eru í reglum þessum kölluð landsmót. Landsmót eru haldin skv. mótaskrá STÍ
- b) Alþjóðamót sem haldin eru hérlendis eru í höndum STÍ og semur stjórn STÍ við aðildarfélög um mótahald.
- c) Sérstakar reglur gilda um Íslands-og bikarmeistaramót.

2. gr.

STÍ semur við skotíþróttafélög um að halda skotmót.

3.gr.

- a) Keppt skal samkvæmt reglum STÍ, sem byggja að mestu á reglum viðkomandi alþjóðasambanda.
- b) Undantekningar eru heimilar á reglum alþjóðasambanda, sem henta móthaldi hérlendis að mati stjórnar STÍ.
- c) Félög sem halda mót skulu tilnefna mótstjóra fyrir hvert mót sem haldið er á vegum félagsins. Mótstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn STÍ og er fulltrúi hennar á mótinu.

4. gr.

Mótaskrá skal birt á heimasíðu STÍ og telst sú birting fullnægjandi auglýsing fyrir öll mót.

5. gr.

Leitast skal við að dómari á landsmóti sé viðurkenndur af STÍ.

6. gr.

- a) Skyld er að keppnisvellir séu opnir til æfinga fyrir skráða keppendur daginn fyrir landsmót, s.k. PET.
- b) Heimilt er að skipuleggja æfingatíma ef með þarf.
- c) Rásröð keppenda skal liggja fyrir á mótstað í síðasta lagi daginn fyrir mót.

7. gr.

Mótshaldari ber ábyrgð á framkvæmd móts sem og að skila stjórn STÍ og mótanefnd mótaskýrslu, strax að móti loknu og eigi síðar en viku frá því að móti lauk.

8. gr.

Hafi mótaskýrslu ekki verið skilað innan tilskilins tíma má svipta viðkomandi félag þátttökurétti í opnum mótum og svipta félagið rétti til að halda opin mót, þar til skil hafa verið gerð.

9.gr.

Keppnistímabil eru eftirfarandi:

- a) Vegna móta innanhúss 1. sept. - 1.júní
- b) Vegna móta utanhúss 1. mars - 1. nóv

10. gr.

Frestun móta er á hendi stjórnar STÍ.

11. gr.

Keppnisrétt hafa einungis félagar innan aðildarfélaga STÍ. Keppnisréttur er byggður á skráningu hjá STÍ.

Skotíþróttafélög skulu tilkynna STÍ nýja féлага jafnóðum og þeir óska keppnisréttar og greiða skráningargjald til STÍ.

Félag keppanda skráir keppendur til keppni.

Sendu skal stjórn STÍ og því félagi sem heldur mót tilkynningu um hverjir keppa fyrir hönd félags bæði í liða og einstaklingskeppni í síðasta lagi að kvöldi dags þannig að þeir virkir dagar séu þar til að keppni hefist.

Heimilt er að tilnefna varamenn við skráningu.

12. gr.

Mæti keppandi ekki til leiks, án þess að boða tilskilin forföll **á sannanlegan hátt til mótshaldara**, í síðasta lagi daginn fyrir keppni, skal hann greiða móta og keppnisgjald til mótshaldara. Mótshaldara er skylt að láta stjórn STÍ vita af forföllum, **með tölvupósti um leið og tilkynning berst frá keppanda**. Félag keppenda er ábyrgt fyrir móta og keppnisgjaldi.

13. gr.

Falli greiðsla niður á keppnis- og mótagjaldi frá bæði keppanda og félagi hans er óheimilt að skrá hann til keppni fyrr en gjaldið hefur verið greitt.

14. gr.

- a) Keppnisgjald skal taka af öllum mótum sem viðurkennd eru af STÍ og telja til flokka og/eða meta.
- b) Mótshaldari stendur skil á keppnisgjaldi til STÍ strax að loknu móti.
- c) Keppnisgjald ákvarðast á Skotþingi ár hvert.

15.gr.

Unglingar keppa ávallt í Unglingaflokki á STÍ mótum. Unglingur telst sá sem er undir 21 árs aldri þann 31. desember það ár sem keppni fer fram skv. reglu ISSF númer 3.3.6. Unglingur má samt sem áður vera meðlimur í liði síns félags, í liðakeppninni, skv. reglu ISSF númer 3.3.6